

BORGARRÁÐ 17. ágúst 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innkaup á endurnýttum sínum - MSS23080068

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavíkurborg setji sér þá stefnu að einungis séu keyptir endurnýttir símar fyrir þá starfsmenn borgarinnar sem eiga rétt á að fá símtæki. Með þessu væri Reykjavíkurborg að taka mikilvægt skref í umhverfismálum og styðja við þá aðila sem gera við síma til að endurnýta. Eitt af stærstu umhverfisvandamálum dagsins í dag er sóun á raftækjum. Reykjavíkurborg getur eins og aðrir tekið þátt í að taka á þessu vandamáli. Það má gera með því að endurnýta raftæki. Flokkur fólksins telur að Reykjavíkurborg eigi að setja inn í sína umhverfisstefnu að allir símar sem keyptir eru fyrir starfsmenn séu endurnýttir.